


Sérklefar í sundlaugum Reykjavíkur




**Verklag fyrir starfsfólk og
upplýsingar um notendur sérklefa**



Hver notar sérklefana?

Sérklefarnir eru hugsaðir fyrir fólk sem vill eða getur ekki nýtt sér kyngreindu klefana. Þar á meðal er fólk sem er fatlað, með stóma, trans, intersex og fjölskyldur.



Sum sem tilheyra þessum hópum eru í viðkvæmri stöðu, hafa orðið fyrir áreitni og lent í fordómum vegna stöðu sinnar. Það er mikilvægt að koma til móts við þau með vinsemd og skýrum upplýsingum um sérklefana og þá aðstöðu sem er í boði. Við viljum gera okkar besta í að tryggja þessum hópum öruggt rými.

Sérklefar eru oft eina leiðin fyrir þau til að komast í sund.

Fólk notar sérklefa af allskonar ástæðum, sem sjást ekki endilega utan á því. Það getur verið erfitt fyrir sum að spyrja um klefana og jafnvel valdið þeim streitu. Því er sérstaklega mikilvægt að starfsfólk mæti þeim með jákvæðu viðmóti.

**Það er
mikilvægt að
spyrja aldrei um
ástæðu þess að
fólk notar
sérklefa**

Aðstaðan er mismunandi eftir sundlaugum þar sem húsnæði þeirra er ólíkt og sérklefarnir þar með.



Fólk getur verið óöruggt að koma í nýja laug og í aðstöður sem það þekkir ekki.
Sýnum því skilning.

Góð þjónusta, glaðir gestir

Við gerum okkar besta til að mæta þörfum ólíkra hópa og viljum tryggja að upplifun þeirra sé jákvæð. Við getum verið **stolt** af því að bjóða upp á sérklefa og þannig tryggja að fjölbreyttur hópur fólks geti nýtt sér sundlaugar Reykjavíkur.

**Þjóðum
öll velkomin í
sundlaugarnar í
Reykjavík og gerum
dvölinna sem
ánægjulegasta**



Aðeins um helstu notendur sérklefanna

Fatlað fólk

Sérklefar eru sérstaklega hannaðir með hreyfihamlað fólk í huga, en fötlun getur verið mismunandi og er ekki víst að hún sjáist utan á fólki.

Fatlað fólk hefur stundum með sér aðstoðarfólk og nýtast því sérklefar þeim líka. Fötluað börn gætu einnig notað sérklefana og stundum með forsjáraðila sem gæti verið af öðru kyni en þau sjálf.



Fjölskyldur

Það geta verið margvíslegar ástæður fyrir því að fjölskyldur nýti sérklefa, t.d. vegna fötlunar, kvíða, hegðunarvanda, vegna kyns o.s.frv. Sérklefar geta líka nýst fullorðnu fólki sem þarf á hjálp barna sinna sem eru af öðru kyni að halda.

Trans fólk

Margt kynsegin fólk og annað trans fólk notar sérklefa. Trans konur og karlar nota þó kyngreindu klefana ef þau vilja það.

Kynsegin fólk upplifir sig hvorki sem karl né konu, en sum þeirra nota kynhlutlaus fornöfn, t.d. hán. Trans kona er kona sem var úthlutað karlkyni við fæðingu en upplifir sig sem og er kona. Trans strákur er strákur sem var úthlutað kvenkyni við fæðingu en upplifir sig sem og er strákur.

Það er misjafnt hvort og hvaða breytingar trans fólk vill gera á líkómum sínum. Mikilvægt er að virða upplifun trans fólks og ekki miða kyn út frá kynfærum, enda er það kynvitund og kynskráning fólks sem gildir samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019.



Intersex fólk

Intersex fólk fæðist með líkama sem er ekki hægt að flokka alveg sem annað hvort karlkyns eða kvenkyns. Þetta getur verið t.d. út frá kynfærum, hormónum, litningum, æxlunarfærum og fleira. Kynvitund og kyntjáning þeirra er alls konar, eins og hjá öðrum. Sumt intersex fólk notar kyngreindu klefana, en sum gætu viljað nota sérklefa.